

## Á að sameina SV, TFÍ og VFÍ í eitt félag?

Á undanförunum tveimur árum hafa hugmyndir um að sameina SV, TFÍ og VFÍ verið til skoðunar og umfjöllunar hjá félögunum þremur. Stýrihópur hefur verið starfandi á vegum félaganna sem skipaður hefur verið formönnum og varaformönnum þeirra hverju sinni. Hlutverk hópsins hefur verið að leiða verkefnið, skipa vinnuhópa og vinna úr tillögum þeirra, leggja tillögur fyrir stjórnir félaganna, kynna þær fyrir félögum og marka stefnu til framtíðar.

Tvær nefndir hafa starfað á vegum stýrihópsins og skilaði sú fyrri niðurstöðum sínum í desember 2003 þar sem fram kemur það álit að stefnt skuli að fullri sameiningu SV, TFÍ og VFÍ. Í kjölfarið hafa félögin staðið fyrir skoðanakönnun innan sinna raða þar sem ótvíræður meirihluti hefur verið fylgjandi sameiningu. Síðari nefndin fékk það hlutverk að útfæra hugmynd að einu sameiginlegu félagi þessara þriggja félaga. Hún skilaði niðurstöðum í janúar 2005 og er það álit nefndarinnar að stefna beri að sameiningu félaganna og byggja skuli sameiginlegt félag á endurskipulögðu VFÍ, sem verður rekið á verkefnagrundvelli.

Stýrihópur SV, TFÍ og VFÍ hefur ákveðið að leggja fram sameiginlegar tillögur um hvernig skipan þessara mála skuli verða í framtíðinni og hefur samþykkt að byggja þær tillögur á niðurstöðum nefndanna tveggja í félagi sem muni þjóna hagsmunum og þörfum allra verkfræðinga og tæknifræðinga sem best, þ.e. í einu félagi sem gæti hagsmuna félagsmanna í hvítvetna. Eftir sem áður munu verða tvö aðskilin starfsheiti, þ.e. tæknifræðingur og verkfræðingur. Stýrihópurinn er nú að vinna úr tillögum nefndanna ásamt ráðgjafa sem fenginn var að verkefninu. Einnig hefur hópurinn sótt upplýsingar og reynslu til annarra landa sem gengið hafa í gegnum sameiningu félaganna eða eru í svipuðum farvegi og við.

Ástæðurnar fyrir því að stýrihópurinn kemur til með að leggja fram tillögur um sameiningu eru m.a. :

- Saman eru tæknifræðingar og verkfræðingar sterkari heild út á við
- Samræmd menntastefna er nauðsyn við breyttar aðstæður
- Samræmd kjarastefna og samstaða skilar meiri árangri
- Stærri félag er öflugara og býður upp á meiri hagkvæmni
- Ein sameiginleg rödd verður sterkari út á við
- Meiri sýnileiki tæknifræðinga og verkfræðinga í þjóðfélaginu
- Eitt félag þýðir skýrari stefnu og stjórnun
- Aukið vægi verður gagnvart opinberum aðilum
- Meiri möguleikar á að ná fram pólitískum þrýstingi
- Þjónusta um lögfræðileg álitaefni verður aðgengilegri
- Stærri félag getur boðið upp á aukna þjónustu við félagsmenn
- Sterkt lífsgæðafélag sem tryggir hagsmuni félagsmanna
- Sameinað félag stuðlar að sterkari grunnmenntun
- Sí- og endurmenntun verður í takt við tímann
- Árangur í kjaramálum er m.a. samtvinnuður öflugri ímynd og góðri menntun

Þær breytingar og ógnanir sem stýrihópurinn sér við núverandi aðstæður og sem blasa við að verði í náinni framtíð eru m.a. :

1. Þjóðfélagið og aðstæður á atvinnumarkaði breytast hratt og félag tæknifræðinga og verkfræðinga verður að geta haldið í við þá þróun til þess að geta verið öflugur bakhjarl félagsmanna
2. Alþjóðavæðing – erlendir aðilar með fagmenntun eru að sækja inn í landið s.s. í hönnun mannvirkja og í hugbúnaðargerð
3. Tvö verkfræðingafélög í dag – valda ruglingi og óánægju meðal félagsmanna
4. Vannýtt tækifæri eru í útrás verkfræðinga og tæknifræðinga
5. Breytingar eru að verða á hlutverki og störfum félagsmanna í þjóðfélaginu og staða þeirra, meðal annars á atvinnumarkaði og í launamálum þarfnast skoðunar
6. Álag á félagsmenn er meira en fyrr vegna aukinnar hörku í nútíma þjóðfélagi, t.d. er kulnun í starfi algengari en áður, jafnræðis- og fjölskyldustefnu þarf að hrinta í framkvæmd osfrv.
7. Þensla er mikil í þjóðfélaginu í dag, en viðbúið að samdráttur verði í kjölfarið með þrengingum fyrir félagsmenn

Ekki er tímabært á þessu stigi að skýra frekar frá vinnu hópsins eða tillögum en það verður gert í haust bæði á vefsíðum félaganna svo og í Verktækni. Hópurinn er enn að störfum og niðurstöður liggja ekki fyrir á þessu stigi. Ljóst er þó að stefnt verður að einum sameiginlegum kynningar- og umræðufundi í október þar sem reynt verður að fá formann danska tæknifræðinga- og verkfræðingafélagsins IDA, Lars Bytoft Olsen, til að segja frá reynslu Dana. Stefnt verður að því að atkvæðagreiðsla eigi sér stað meðal félagsmanna í nóvember 2005 um tillögur stýrihópsins og að aðalfundir félaganna staðfesti sameininguna fyrir mitt ár 2006. Ef þetta gengur allt eftir er hugsanlegt að sameinað félag taki til starfa snemma árs 2007.

Stýrihópurinn í júní 2005, Sveinbjörg Sveinsdóttir, formaður SV  
Jóhanna Harpa Árnadóttir, varaformaður SV  
Einar H. Jónsson, formaður TFÍ  
Berþór Þormóðsson, varaformaður TFÍ  
Steinar Friðgeirsson, formaður VFÍ  
Björn Karlsson, varaformaður VFÍ